

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 - 108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH15U144.0605
Dags. 27.5.2015

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 605. mál á 144. löggjafarþingi
Meðferð einkamála o.fl. (aukin skilvirkni, einfaldari reglur)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála, lögum um aðför, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um dómstóla (einföldun réttarfars).

Frumvarp það sem hér um ræðir felur í sér ákveðnar tillögur um breytingar á réttarfarslöggjöf sem varða bæði meðferð sakamála og einkamála. Þar sem málefnasvið Hagsmunasamtaka heimilanna eru að mestu leyti á sviði einkamála, eiga eftirfarandi athugasemdir fyrst og fremst við um þann hluta frumvarpsins. Samtökin taka hinsvegar ekki sérstaklega afstöðu til sakamálahluta þess, nema þá að því leyti sem getur átt við um frumvarpið í heild, og með tilliti til innra samræmis.

Eins og kemur fram í athugasemdum með umræddu frumvarpi var það samið af réttarfarsnefnd að tilhlutan innanríkisráðherra, og jafnframt að talsverðu leyti byggt á tillögum frá starfshópi á vegum dómstólaráðs. Hagsmunasamtök heimilanna gagnrýna eindregið slíkt fyrirkomulag, að dómarrar sem sitja í stjórnarsýslunefnd skuli hafa með höndum samningu lagafrumvarpa, og enn frekar þegar um er að ræða réttarfarslöggjöf sem dómurum er svo ætlað að fara eftir í dómstörfum sínum. Slík afskipti handhafa dómsvalds af löggjafarvaldi, eftir farvegi stjórnarsýslunefndar framkvæmdavalds, geta tæpast talist vera samrýmanleg þriggreiningu ríkisvaldsins sbr. 2. gr. stjórnarskrár.

Með 3. gr. frumvarpsins er lagt til að dómstólaráði verði veitt heimild til að setja reglur um form og frágang dómskjala, þar á meðal um hámarks lengd stefnu og greinargerðar stefnda. Samtökin telja að ákveðin hætta sé á því að slíkar takmarkanir geti sniðið málsaðilum of þröngan stakk til að haga málatilbúnaði sínum á þann hátt sem hæfir máli þeirra. Á undanförunum misserum hafa verið rekin ótalmörg mál um flókin úrlausnarefni, til dæmis á sviði fjármunaréttar, þar sem hefur reynt á ýmis atriði sem aldrei hafa áður komið til kasta dómstóla. Getur þá eðli máls samkvæmt verið nauðsynlegt að gera mjög ítarlega grein fyrir málatilbúnaði, sérstaklega í málum sem eru þannig vaxin að niðurstöður þeirra geti jafnvel orðið fordæmisgefandi til frambúðar. Ef á annað borð yrðu veittar heimildir fyrir takmörkunum sem þessum færi betur á að binda þær reglur einfaldlega í ákvæði frumvarpsins, heldur en að veita dómstólaráði opna heimild til slíkrar takmörkunar. Einnig gæti verið til bóta að færa í ákvæði frumvarpsins undantekningarreglu á þá leið að í sérstökum tilfellum væri dómara heimilt að veita málsaðilum aukið svigrúm í málatilbúnaði sínum.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að auk þess að mega eftir ósk annars eða beggja aðila skipta sakarefni þannig að fyrst verði dæmt sérstaklega um tiltekin atriði máls meðan önnur atriði þess hvíla og bíða þess að verða dæmd, verði dómara jafnframt gert heimilt að að grípa til slíks úrræðis að sínu eigin frumkvæði. Fram að þessu hefur svokölluð málsforræðisregla, þ.e.a.s. að tilhögun málatilbúnaðar sé fyrst og fremst á færi málsaðila sjálfra, verið fremur ríkjandi sjónarmið í dómaframkvæmd hér á landi. Þó svo að dómari hafi vitanlega ávallt úrslitavald um málsmeðferð hefur því jafnan verið frekar beitt að kröfu málsaðila heldur en frumkvæði dómara. Ef hér skyldi þó vera um að ræða einhverja stefnubreytingu hvað þetta varðar, þá er um leið við hæfi að nefna að slíkar frumkvæðisheimildir og jafnframt frumkvæðisskyldur dómara gætu þurft að vera til staðar í ríkari mæli í íslenskum rétti. Nærtækt er að nefna neytendaréttarvið, þar sem mikil þróun hefur orðið á löggjöf á undanförunum árum, m.a. vegna samræmingar við norrænar réttarreglur á sviði samningaréttar sem og innleiðingar á reglum og tilskipunum á sviði Evrópuréttar. Meðal þess sem komið hefur fram í dómaframkvæmd Evrópuþómstólsins um reglur á þessu sviði er aukin áhersla á frumkvæðisskyldu dómara til þess að leggja mat á skilmála og ákvæði neytendasamninga með hliðsjón af reglum á sviði neytendaverndar, og að grípa til viðeiganda ráðstafana til þess að tryggja að neytendur fái notið á skilvirkan hátt þeirrar verndar sem þeim reglum er ætlað að veita. Rétt er að vekja athygli á því að ekki er aðeins um heimildir að ræða heldur beinlínis skyldu dómara til þess að gæta að réttindum neytenda sem eiga aðild að málum sem eru til úrlausnar fyrir dómstólum. Slík skylda hefur verið talin vera fyrir hendi óháð því hvort viðkomandi neytandi hafi endilega byggt á öllum þeim málsástæðum sem kynnu að verða málstað hans til framdráttar, enda sé gengið út frá því sem sjálfgefnu að meðalneytandinn sé ólöglærður og þekki ekki rétt sinn til hlítar. Með hliðsjón af þessu mælast Hagsmunasamtök heimilanna til þess að frumkvæðisskyldur dómara verði teknar til frekari athugunar og að litið verði sérstaklega til þess að gera úrbætur á íslenskum rétti á sviði neytendaverndar til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar Íslands.

Með 7. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um heimild til handa stefnda í einkamáli til að skila fyrst í stað greinargerð eingöngu um formhlið máls, geri hann kröfu um frávísun, en jafnframt að dómari skuli gefa stefnda kost á að leggja að auki fram greinargerð um efnisvarnir, fari svo að málinu verði ekki vísað frá dómi. Líkt og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu er ekki óalgennt að krafist sé frávísunar í einkamáli, og getur það til dæmis verið vegna ætlaðrar vanreifunar, en þá felst ákveðin mótsögn í því að þurfa að taka til efnislegra varna á sama tíma. Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi þessari tillögu sem auk þess að fela í sér rökrétt og eðlilegt fyrirkomulag gæti einnig haft í för með sér verulegt hagræði, án þess þó að dregið yrði úr réttaröryggi.

Með 10. gr. frumvarpsins er lagt til að reglum um úrlausn héraðsdóma verði breytt á þann veg að ekki verði lengur skylt að greina í dómi helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á, heldur skuli aðeins gera grein fyrir þeim málsástæðum og lagarökum aðila sem þörf krefur hverju sinni til úrlausnar máls. Nýlega hefur dómaframkvæmd hér á landi verið gagnrýnd meðal annars fyrir það að í sumum tilvikum hafi ekki verið tekin afstaða til allra málsástæðna málsaðila, og hafa verið uppi skiptar skoðanir um hvort slíkt sé yfir höfuð heimilt. Vekur það því upp enn frekari efasemdir um réttmæti hinnar fyrri framkvæmdar, að í frumvarpi sem samið er af dómurum virðist nú vera talin þörf á að skjóta lagastoð undir slíka framkvæmd. Þar sem áfrýjaðir dómur eru oft staðfestir af Hæstarétti með vísan til forsendna þeirra, og fordæmisgildi getur ráðist að talsverðu leyti af þeim málsástæðum sem byggt er á hverju sinni, er mikilvægt að þær komi fram, og einnig þær sem ekki voru teknar til greina. Hagsmunasamtök heimilanna telja að upplýsingagildi birtra dóma sé afar mikilvægt, og leggjast alfarið gegn öllum skerðingum á því.

Með 13. - 15. gr. frumvarpsins er lagt til að sá sem kærir úrskurð eða aðra dómsathöfn skuli sjálfur senda Hæstarétti þau gögn málsins sem hann telur sérstaklega þörf á til úrlausnar um kæruefnið, en með því yrði létt umtalsverðum kostnaði og fyrirhöfn af héraðsdómstólunum. Yrði um að ræða breytingu frá núverandi fyrirkomulagi þar sem það er á ábyrgð héraðsdómara að senda Hæstarétti fram komna kæru ásamt endurritum úr þingbók og öðrum gögnum málsins í fjórriti. Með því að velta þessu yfir á málsaðila sjálfa myndi kostnaður þeirra og fyrirhöfn aukast, og þannig myndi skapast hættu á að aðgengi almennings að dómskerfinu skerðist enn frekar frá því sem nú er þar sem kostnaður borgaranna við að gæta réttar síns er ærinn fyrir og mörgum ófyrstíganlegur. Hagsmunasamtök heimilanna leggjast því gegn tillögunni, og hefðu mun fremur viljað að farið væri í þveröfuga átt við samræmingu á reglum um málgögn, með því að breyta þeim reglum á þá leið að hið sama ætti við í áfrýjunarmálum og kærumálum, að það sé hlutverk dómskerfisins að sjá til þess að nauðsynleg málgögn berist áfram upp á æðri dómstig í slíkum tilvikum. Mun betri leið að því markmiði að ná fram hagræði og lægri tilkostnaði væri að innleiða rafræna meðferð og umsýslu málgagna, svo sem gert hefur verið við marga erlenda og alþjóðlega dómstóla. Slík þróun er ekki einungis í takt við nútímatækni, heldur sparar einnig gríðarlegt magn pappírs og prentbleks, sem fyrir vikið myndi jafnframt leiða til mun minni neikvæðra umhverfisáhrifa af starfsemi.

Með 34. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði með samræmdum hætti það fyrirkomulag sem hefur rutt sér til rúms, að dómur héraðsdómstóla séu að meginstefnu gefnir út, og það verði eftir sem áður í formi birtingar dómanna á vefsíðum dómstólanna. Ekki er hinsvegar gert ráð fyrir því að úrskurðir um margvísleg efni sem kveðnir eru upp í héraði verði gefnir út nema þeim sé skotið til Hæstaréttar. Ákveðnum tegundum mála er þó jafnan ekki lokið með dómi heldur úrskurði og á það meðal annars við um aðfarar- og nauðungarsölumál, sem eru ekki síður þýðingarmikil fyrir aðila máls heldur en mál sem lokið er með dómi, auk þess sem aðilar að sambærilegum málum hafa ekki síður þörf á að geta glöggvað sig á framkvæmd dómstóla heldur en í hverjum öðrum málaflokkum. Hagsmunasamtök heimilanna mælast því til þess að auk birtingar héraðsdóma verði að sama skapi kveðið á um að birta skuli úrskurði sem fela í sér endanlegar lyktir mála í héraði.

Hagsmunasamtök heimilanna gera ekki aðrar athugasemdir við það frumvarp sem er til umsagnar hér, en þær sem að framan greinir. Að lokum vilja samtökin þó mælast til þess að lögfestar verði heimildir til endurupptöku gjaldþrota- og fullnustumála sem hafa náð fram að ganga á grundvelli ólögmetra lánasamninga sem ekki höfðu verið endurreiknaðir og leiðréttir á þeim tíma sem það mál sem um ræddi var leitt til lykta með úrskurði eða dómi þar að lútandi.

- o -


Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmey Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is